



1. fundur skólaráðs Oddeyrarskóla 2012-2013

## Fundargerð skólaráðs Oddeyrarskóla 19. október 2012

*Á fundinn mættu: Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir, María Aðalsteinsdóttir, Marína Sigurgeirsdóttir, Snorri Björnsson og Sólveig Styrmsdóttir.*

Kristín skólastjóri setti fundinn og bauð nefndina velkomna til starfa. Fundarmenn kynntu sig.

1. Kristín stjórnaði fundi og kynnti hlutverk skólaráðs.  
Skólaráð er skipað níu einstaklingum, sem sitja tvö ár hver.  
í skólaráði sitja:  
skólastjóri sem jafnframt stýrir starfi skólaráðs.  
tveir fulltrúar kennara  
einn fulltrúi annars starfsfólks við skólann,  
tveir fulltrúar nemenda,  
tveir fulltrúar foreldra,  
einn fulltrúi grenndarsamfélagsins
2. Fyrsta verkefni nýskipaðs skólaráðs verður að setja sér starfsreglur.  
Kristín kynnti starfsreglur frá skólaráði Lundarskóla sem ákveðið var að hafa til hliðsjónar við setningu starfsreglna fyrir skólaráð Oddeyrarskóla. Nokkrar umræður urðu um hlutverk og verkefni skólaráðs og ákveðið að á næsta fundi yrðu starfsreglurnar endanlega ákveðnar.  
Samkvæmt reglugerð um skólaráð við grunnskóla tekur skólaráð þátt í stefnumörkun fyrir skólann. Skólaráð ræðir margvísleg mál sem snúa að skólahaldi, eins og skólanámskrá, starfsáætlun, kennslu, breytingar á skólahaldi og starfsemi, aðbúnað og velferð nemenda, húsnæðis- og öryggismál og margt fleira.  
Nokkur umræða varð um öryggismál og ákveðið að fá öryggisnefnd á næsta skólaráðsfund.
3. Næsti skólaráðsfundur ákveðinn kl. 14.00 föstudaginn 30. nóvember n.k.  
Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.00.

Marína Sigurgeirsdóttir  
fundarritari